



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Nafn á nýrri félagsmiðstöð í Sæmundarskóla***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. desember 2021:

Lagt er til að ný félagsmiðstöð við Sæmunarskóla fái nafnið Plútó í samræmi við niðurstöður nafnasamkeppni sem efnt var til meðal nemenda í 5. – 10. bekk.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfullst

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Helgi Grímsson".

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Tillaga, dags. 2. desember 2021

Reykjavík, 2. desember 2021  
SFS2021120052  
221. fundur  
HG/sp

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að ný félagsmiðstöð við Sæmundarskóla fái nafnið Plútó***

Lagt er til að ný félagsmiðstöð við Sæmunarskóla fái nafnið Plútó í samræmi við niðurstöður nafnasamkeppni sem efnt var til meðal nemenda í 5. – 10. bekk.

**Greinargerð:**

Félagsmiðstöð tók til starfa 1. desember 2021 í Sæmundarskóla. Þar er búið að koma fyrir góðri aðstöðu innan skólans. Fyrir þann tíma hafði félagsmiðstöðin Fókus við Ingunnarskóla boðið upp á félagsmiðstöðvastarf fyrir börn og unglinga í Sæmundarskóla. Í nóvember 2021 var haldin nafnasamkeppni fyrir nýju félagsmiðstöðina við Sæmundarskóla og fengu nemendur í 5.-10. bekk tækifæri til að koma með hugmyndir að nöfnum og setja í hugmyndakassa. Mörg frábær nöfn komu til greina og fékk sami hópur að kjósa á milli nokkurra nafna eftir að hugmyndavinnu lauk og varð nafnið Plútó fyrir valinu. Hugmyndin kom frá nemanda í 7. bekk. Þegar kosningarnar stóðu yfir kom nemandi í 7. bekk fram með það skemmtilega innlegg að fyrst Plútó fengi ekki að vera reikistjarna ætti hún skilið að vera félagsmiðstöð, sem þótti vel við hæfi. Í Plútó starfa fimm starfsmenn, forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og þrír starfsmenn sem frístundaleiðbeinendur. Félagsmiðstöðin Plútó heyrir undir sameinaða frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar. Samkvæmt upplýsingum frá Samfés (Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi) ber ekki önnur félagsmiðstöð á landinu þetta nafn.